

29. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn þriðjudaginn 19. maí kl. 15:00.

Fundarstaður: Fjarfundur á Teams

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar og Bogi Nils Bogason, Ingibjörg Ólafsdóttir og Þórir Garðarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Aðrir: Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Ingveldur Sæmundsdóttir, aðstoðarmaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra, Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi), Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra voru fjarverandi en aðstoðarmenn þeirra sátu fundinn í þeirra stað.

Pétur Þ. Óskarsson og Daði Guðjónsson frá Íslandsstofu sátu fundinn undir 2. dagskrárlið. Sigurður G. Guðjónsson hrl. sat fundinn undir 3. dagskrárlið.

1. Fundargerð síðasta fundar.
Fundargerð síðasta fundar var lögð fram til samþykktar og verður birt á vefsíðu ANR.
2. Kynning á tillögu M&C Saatchi um alþjóðlegt markaðsátak.
Daði Guðjónsson frá Íslandsstofu fór yfir tillögu M&C Saatchi um alþjóðlegt markaðsátak sem varð hlutskörpust í útboði sem fram fór á vegum Ríkiskaupa. Málið rætt.
3. Álitsgerð Viðars Más Matthíassonar rannsóknaprófessors um reglur sem gera ráð fyrir að tilgreind atvik geti haft áhrif á skyldu til að efna samninga.
Sigurður G. Guðjónsson hrl. fór yfir álitsgerð sem var unnin seinni hluta apríl fyrir Félag hótél- og gistihúsaeygenda. Málið rætt, m.a. um samspil við frumvarp dómsmálaráðherra um greiðsluskjól sem er til meðferðar á Alþingi.
4. Næstu aðgerðir stjórnvalda.
5. Staða og framtíðarhorfur greinarinnar.
Dagskrárliðir 4 og 5 voru sameinaðir. Aftur rætt um frumvarp dómsmálaráðherra um greiðsluskjól sem og hlutabótaleiðina og stuðning frá ríkinu til fyrirtækja við að slíta ráðningarsambandi. Rætt um áform um að opna landið með fyrirvörum þann 15. júní nk. og mögulega skimun allra sem til landsins koma um óákveðinn tíma. Ráðherra gerði grein fyrir stýrihópi sem hún hefði sett saman til að samhæfa aðgerðir og upplýsingagjöf undir forystu ferðamálastjóra með fulltrúum frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Isavia, Íslandsstofu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Einnig rætt um væntanlegt flug til og frá landinu.

6. Önnur mál.
Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:10.